

Stöð

Skálar og hús í Stöð á Stöðvarfirði
Skýrsla VIII



Samstarfsaðilar: *Rocs*. Queen Margarethes and Vigdír Finnbogadóttir's
Interdisciplinary Research Centre on Ocean,
Climate, and Society. Háskólinn í Kaupmannahöfn -
HÍ
Próf. Þorvaldur Þórðarson, Jarðvísindastofnun HÍ
Dr. Hilmar Malmquist, Náttúruvísindasafni Íslands
Próf. Snæbjörn Pálsson, HÍ
Dr. Ólafur Eggertsson, Skógræktinni á Mógilsá

Forsíðumyndin sýnir slípistein sem notaður hafði verið í vegg yngri kynslóðar dyranna in í
yngri skálann. Gæti hafa verið upphaflega í eldri skálanum og nýttur sem veggjasteinn í
þeim yngri. (Stafr. myndir nr. 451. Ljósm. BFE).

© Bjarni F. Einarsson
Janúar 2023

Inngangur

Sumarið 2022 var sjöunda sumar rannsókna í Stöð á Stöðvarfirði, auk forrannsókna, sem gera átta rannsóknartímabil samtals. Rannsóknin hófst þann 1. júní síðastliðinn og lauk þann 21. sama mánaðar.

Stöð var með öðru yfirbragði nú en í fyrra. Veður var gott, hlýtt, logn og góð birta sem var fullkomin andstæða við síðastliðið sumar. Mannvirkin komu mun betur undan vetri en áður þegar plastábreiðan var fjarlægð nokkrum dögum áður en rannsóknin hófs. Fyrsta daginn voru á staðnum fornleifafræðingarnir Jakob Orri Jónsson, Jules Connelly og Alejandro Magellan og nemendurnir Anna Soffía Ingólfssdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir Teuffer og Steinunn Edda Einarsdóttir auk Þorgeirs Eiríkssonar. Síðar bættust við í styttri eða lengri tíma Kalle Thorsberg og Louise Olson fornleifafræðingar, Anders Johannes líffræðingur, Wesley Randall Farnsworth jarðfræðingur, fornleifafræðingarnir Víktoría Halldórsdóttir og Júlíus Einarsson, Þorvaldur Þórðarson jarðfræðingur og Jón Kári Jónsson lögfræðingur.

Styrkir til rannsókna fengust frá Fornminjasjóði, Fjarðabyggð, Loðnuvinnslunni og Félagi áhugahóps um fornleifarannsóknir í Stöð, auk fjölda heimamanna, sem færðu okkur kökur og kaffi eins og venjulega.

Markmið sumarsins voru að klára síðustu leifar Húss 2, yngri skálanum, og byrja rannsóknir á Húsi 3, eldri skálanum. Sömuleiðis var svæði í kring um Prh. B stækkað til að grafa fram mannvirkið sem þar fannst og einnig var svæðið í kring um Prh. 3 stækkað og stefnt að því að fá stærð mannvirkisins sem þar leynist á hreint. Prh. B hefur nú fengið nýtt nafn sem er Reitur D. Prh. 3 hefur einnig fengið nýtt nafn og heytir nú Reitur E.

Meðfram þessu var reynt að finna mögulegt naust neðst í dalnum beint suður af skálanum, en þar höfðu veikar vísbendingar sést á drónamynd um að þar kynni mannvirki að leynast sem snéri gaflí að sjónum, en sjórinn



Mynd 1. Andreas í fullum skrúða við eDNA sýnatöku. (Stafr. myndir nr. 440. Horft mót S. Ljós. BFE).



Mynd 2. Wesley að skrifa á sýnaglös og setja í poka. Minni varúðarráðstafanir voru gerðar við þennan þátt sýnatökunnar. (Stafr. myndir nr. 441. Horft mót SSV. Ljós. BFE).

náði mun lengra inn dalinn þá en hann gerir nú.

Á vordögum varð ljóst að fræðimenn frá Kaupmannahafnarháskóla myndu koma í Stöð til að taka eDNA sýni úr eldri skálanum og víðar í kring um skálana auk þess að taka sýni innar í dalnum. Því var aðeins hægt að klára yngri skálann og svo undirbúa eldri skálann fyrir sýnatöku. Frekari rannsóknir á honum urðu því að biða næsta sumars. Húsið var meðhöndlað eins og um glæpavettvangur.

Tekin voru rúmlega 70 eDNA sýni á bæjarstæðinu og talsvert færri fram á dal, eða 16 sýni. Niðurstöður þessara eDNA greininga munu ekki liggja fyrir fyrir en eftir tvö ár í fyrsta lagi.

Umfang mannvirkisins í reit D (Prh. B) kom í ljós, en ekki liggur fyrir hvers kyns það er enn. Það virðist þó ekki vera hús.

Í reit E (Prh. 3) komu í ljós tvö ný mannvirki, bæði holur sem líkjast soðholum. Önnur mannvirki fundust þar ekki, en vísbendingar um slík eru til staðar. Önnur holan (E1) var fullgrafin, en hin bíður næsta sumars.

Um staðhætti og sögubrot er vísað til fyrri skýrslna.

Hópur nemenda og prófessora þeirra frá Trinity University komu í heimsókn ásamt íslenskum fararstjóra. Einnig kom fjöldi einstaklinga í heimsókn og fengu allir stutta leiðsögn um uppgröftinn.

Fulltrúi heimamanna var Björgvin Valur Guðmundsson og eins og áður var hann okkur til halds og trausts við rannsóknirnar. Björgvin er í forsvari fyrir Félagi áhugahóps um fornleifarannsóknir í Stöð og tók í raun allur hópurinn þátt, svo sem við fjáröflun, tyrfingu, yfirbreiðslu og lánunum á því sem þurfti til svo sem hjólbörum, dýnum, sængum, gröfu o.s.frv. Þetta hefur hópurinn gert frá fyrsta degi.

Rannsóknarhópurinn borðaði hádegismat á heimili Björgvins Páls og Þóru Björk Nikulásdóttur konu hans og sem fyrir var maturinn hreint afbragð. Öllum þessum aðilum er þakkað fyrir afar ánægjuleg kynni og góðan hug. Það er ómetanlega dýrmætt að hafa slíka bakhjarla þegar rannsóknir sem þessar fara fram. Einnig er Háskólanum í Kaupmannahöfn (Rocs), Háskóla Íslands, próf. Andreas Johannes Hansen, próf. Eske Willevsen, dr. Hilmar J. Malmquist, próf. Kurt H. Kjær, dr. Ólafi Eggertssyni, próf. Snæbirni Pálssyni, dr. Wesley Randall Farnsworth og próf. Þorvaldi Þórðarsyni, þökkun aðstoðin. Að lokum er Landatanga ehf þakkað fyrir lán á gröfu sem og öllum sem tóku þátt í vettvangsvinnunni og frágangi á svæðinu.

Rannsóknin

Fyrsta verkið var að hreinsa allt svæðið við yngri skálann til að ná þeirri stöðu sem náð var í lok síðastliðins sumars. Einnig voru svæði í kring um Prh. 3 og Prh. B opnuð til frekari rannsókna og leit að húsum eða mannvirkum. Öll mannvistarlög voru blautsigtuð, bæði úr skálanum og annarsstaðar.

Fyrir utan eDNA sýnin voru 22 sýni tekin við rannsóknirnar nú, 18 viðarkolalásýni, eitt viðarsýni, eitt jarðvegssýni og eitt sýni með brenndum

beinum. Þorvaldur Þórðarson tók sjálfur gjóskusýni, bæði fram á dal, upp í Jafnadal og í reit E.

Teknar voru stafrænar myndir og drónamyndir eftir því sem uppgreftinum vatt fram. Voru drónamyndirnar notaðar til að teikna flatarteikningar eftir. Settir voru út gulir krossar með norðurpílu ofan á hæla í hnitakerfinu svo hægt væri að leiðrétta þá litlu bjögun sem fylgir drónamyndunum.

Fáein mannvirki eru órannsökuð í skálanum, en ekki liggur fyrir enn hvorum skálanum þau tilheyra.

Rannsókn sumarsins litaðist mjög að eDNA sýnatökunni. Það þurfti að gera eldri skálann klárann fyrir sýnatökuna og eftir það mátti ekki hreyfa við neinu í skálanum. Sjálf sýnataka fór fram í tveimur áföngum. Annarsvegar sýnataka fram á dal og í mynni Jafnadals ofan við Stöð þann 17. júní og hinsvegar í skálanum þann 19. júní.

Viðbót við lokalýsingu Húss 2

Í síðustu skýrslu var Húsi 2 lýst all nákvæmlega og engu þarf að breyta þar, en best hafa fáeinir gripir við fundaflóru hússins, eða samtals 9 gripir. Fimm þeirra fundust í dyrum hússins og fjórir í einstökum rýmum skálans auk eins lausafundar sem ekki var hægt að staðsetja nánar í einstakt rými. Gripanna verður getið í kaflanum um gripi og þeim hafur verið bætt við töflu 2. Aðeins er eftir að ákvarða hvort mannvirki (hola) rétt austur af langeldinum tilheyri þessu Húsi eða því eldra undir. Hins vegar kom í ljós að dyrunum inn í húsið hafði verið breytt á síðari skeiðum þess.

Í ljós kom að tvær kynslóðir dyra voru inn í húsið. Yngri kynslóðinni var lýst í síðustu skýrslu. Þessar eldri dyr fóru mjókkandi út á við, en þær voru 1,32 m breiðar við innri brún og 0,94 m við ytri brún. Þær hafa því verið breiðari í fyrstunni og svo mjókkaðar í 0,7–0,8 m. Að vestanverðu var steinaröð í dyrunum að innanverðu, en ekki að austan. Ekki er heldur hellur á gólfí eldri kynslóð dyranna eins og í yngri kynslóðinni. Ekki er alveg hægt að skera úr um hvort þessar dyr hafi upphaflega tilheyrt eldri skálanum.

Eftir er að kanna hvort holur í austurhluta skálanna tilheyri þeim yngri eða eldri.

Stéttin sunnan við skálann var 19,20 m löng og breiðust var hún 1,30 m.



Mynd 3. Eldri kynslóð dyranna inn í yngri skálann. (Stafr. myndir nr. 450. Horft mót N. Ljós. BFE).

Rými	Fj. númer	Járn	Glerh., jaspis og ópall	Tinna	Geisla-stein	Brons	Silfur	Bein	Perlur	Gjall	Snældusn.	Kléberg	Sandst.	Steinn	Brýni	Kljást.	Skífur	Túlkun
1	135	32	24	2	0	2	7	4	15	7	3	4	2	1	6	0	3	Búr
2	300	115	96	7	3	3	8	5	25	1	1	4	6	4	24	0	1	Stofa
3	587	174	244	21	1	0	9	10	45	3	6	5	12	4	32	4	27	Skáli
4	174	48	74	2	2	0	1	0	19	1	5	1	7	3	6	2	8	Göng
5	355	108	115	10	4	0	3	4	43	0	15	12	15	5	15	4	26	Skemma
Dyr	5	1	3	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	Dyr
Sam	1.556	478	556	42	10	5	28	23	148	12	30	26	42	17	83	10	65	Skáli

Tafla 1 yfir fjölda fundanúmera eftir gripaflokkum í yngri skála, Húsi 2. Gripir sem tilheyra annaðhvort Húsi 2 eða 3 eru hér færðir undir Hús 2. Við þessa töflu má bæta einum leðurbút sem fannst í rými 5. Undir liðnum *Steinn* eru unnir steinar og óunnir úr ógreindum steintegundum (ekki sandsteinn eða kléberg). Lausafundir og gripir sem fundust í veggjum eru ekki taldir með hér.

Reitur D

Eins og fram kom í inngangi hét Reitur D áður Prh. B. Byrjað var á því að stækka svæðið í kring um skurðinn sem þarna var áður, bæði suður fyrir og norður fyrir. Stærð reitarins er nú 11,2 x 12 m eða 134,4 m²

auk endanna á skurðinum í austur og vestur, en þeir voru um 0,8 m breiðir og 3 m langir báðir tveir. Hnitakerfið var dregið að reitnum og sett yfir hann. SV-horn reitarins er við X 131,50 - Y 306,90.

Lengi var talið að þarna kynni hús að leynast, en ýmislegt bendir nú til þess að þarna sé ruslahaugur sem yngra ferningslaga mannvirki hefur verið grafið niður í. Ekkert er þó fast í hendi í þessum reit enn sem komið er.

Áberandi steinröð var í austurhlutanum sem liggur N-S. Lengi leit út fyrir að hún gæti verið hluti af mannvirki sem mannvistarlagið tilheyrði, en í ljós kom að steinarnir

Gripur	
Snældusnúðar	3
Kljásteinar/sakka	2
Hákarlatennur	4
Blý	1 (perla)
Jaspis (Fnr.)	48
Glerhallur (Fnr.)	18
Perlur	12
Brýni	24
Kléberg (ekki snúðar)	1
Skífur	17
Járn	39

Tafla 2. Gripaflokkar (fundanúmer) úr reit D (Prh. B) frá upphafi rannsókna.



Mynd 4. Drónamynd af Reit D. Sjá má svart mannvistarlagið víða í reitnum og svo brúna ferning báðum megin við þverskurðinn sem er 17 m langur. (Stafr. myndir nr. 409. Norður vísar upp. Ljós. BFE).




Mynd 5. Perla sem fannst í reit D. (Fnr. 2022-169. Ljós. BFE).

lágu ofan á mannvistarlaginu og því yngri. Hugsanlega tilheyra steinarnir ungu mannvirki sem hefur skaddast þegar vél sléttaði túnið á fyrri hluta 20. aldar.

80 fundanúmer voru skráð í Reit D þetta sumar og nú eru þau orðin samtals 175 fundanúmerin úr reitnum. Sumarið 2022 bar mest á jaspismolum (14 brot), glerhalli (7 brot) og skífum (8 stykki, þar af tvær vafagemsar). Samtals fundust 17 brot af járn og af þeim voru níu ógreinanleg járnbrot. Aðrir voru þrír naglar, tveir hnoðnaglar, ein skinna og járn með skinnu og einn stór meintur hnífur. Sjá nánar um einstaka gripaflokka í töflu 2.

Engin sýni voru tekin nú.

Sé þetta ruslahaugur hlýtur hús að vera í allra næsta nágrenni en það er ófundið enn.



Mynd 6. Flatarteikning af reit E eins og hann leit út eftir rannsóknir sumarsins.

Reitur E

Reitur E hét áður Prh. 3. Svæðið í kring um prufuholuna var stækkað, annarsvegar í um 9,5 x 10 m og hinsvegar í 5 x 7 m í vesturhluta. Stærð reitarins er nú 130 m² auk skurðarins til suðurs um 1,0 m breiddur og 2,5 m langur.

Í reitnum hafa fram að þessu fundist nokkur mannvirki svo sem steinaröð sem engar skýringar eru á og tvær holur sem kallaðir eru seyðir (mannvirki E1 og E2) þar til annað



Mynd 7. Reitur E. (Stafr. myndir nr. 463. Skorin. Norður vísar upp. Ljós. BFE).

kemur í ljós. Vísbendingar eru um að holur þessar kunni að vera fleiri í NA - horni reitarins sbr. mynd 6. Í meira en helming reitarins er svart mannvistarlag, víðast tvískipt, og fundust seyðirnir ekki fyrr en það hafði verið grafið ofan af þeim. Enn er eftir að grafa mannvistarlagið í NA - horni reitarins, en þar eru þó veikar vísbendingar um fleiri seyði. Úr reitnum (m-lag og mannvirki) voru tekin 17 eDNA sýni.

Fram að þessu eru 23 fundanúmer skráð í reitnum, 14 númer með beinum (átta brennd og tvö ung), tvö með tinnu, tvö með jaspis, eitt með glerhalli, þrjú með járn, einn járnagli og eitt nýlegt glerbrot úr flösku. Sjá nánar töflu 3.

Þessir gripir eru mjög einsleitir, aðeins þrír litlir járngríp, slegnir steinar og beinin. Flest beinin eru brennd sem gerir frekari greiningu hæpna, en í þremur tilvikum fundust liðir sem gæti verið hægt að greina. Tvö af óbrenndu beinum gæti verið fuglabein og eitt óbrennda beinið sker sig mjög frá öðrum beinum sem fundist hafa á öllu rannsóknarsvæðinu fram að þessu. Í fundaskrá er því lýst svo: „*Beinið er gegnheilt eins og vax.*“ (Fnr. 2021-27).

Svona einsleit fundaflóra gæti bent til einsleitra athafna á svæðinu í reitnum.

10 sýni, auk eDNA sýnanna, voru tekin úr reitnum, eitt beina/jarðvegssýni og níu viðarkolasýni og þar af fjögur úr mannvirki E1. Eitt viðarkolasýni úr mannvistarlaginu í reitnum var sent í C-14 greiningu til Globe institut í Kaupmannahöfn. Upplýsingar um hvort sýni sem aldursgreint var í fyrra (1130 ± 30 BP) tilheyri efra eða neðra laginu liggja ekki alveg ljósar fyrir, en líklega var það úr efra laginu sem var hreint viðarkolalag.

Svæði þetta er einhverskonar athafnasvæði þar sem fólk hefur stundað vinnu af einu eða öðru tagi. eDNA sýnin gætu varpað ljósi á þá starfsemi, en tilgátan er sú að holurnar kunni að vera til lýsisgerðar og þá er hlutverk soðsteinanna að flýta fyrir því að lýsið skilji sig frá. Þá hafa steinarnir verið hitaðir í mannvirki E1 og svo settir ofan í mannvirki E2 sem er þá sjálf lýsisgerðarholan, eða svokölluð „*hellegrop*“ á norsku (*ísl. helluhola, hvalgröf eða lýsishola*) sem finnast í N-Noregi (Henriksen 2006. Nilsen 2016). Stærð lýsisholanna í Noregi voru yfirleitt 1–2 m á breidd og 2–4 m á lengd. Lögum þeirra er gjarnan fernings- eða sporöskulaga. Norsku holurnar voru fóðraðar með hellum, birkinæfrum eða selskinni. Út frá sumum lýsisholum voru rásir sem taldar eru til að safna upp lýsinu en yfirleitt var því ausið upp úr holunum.

Lýsisframleiðslan í Noregi byggði ekki á hvalveiðum, heldur hvalrekum (Henriksen 2013:385). Þeir sem sáu um framleiðsluna í N-Noregi voru Samar. (Samernas tid I. hluti 2017).

Gripur	
Bein (Fnr.)	14
Jaspis	2
Glerhallur	1
Tinna	2
Járn	3
Nagli	1
Gler (ungt)	1

Tafla 3. Gripaflokkar (fundanúmer) úr reit E (Prh. 3) frá upphafi rannsókna.

Eftir að Ísland varð íslaust við lok ísaldar hafa hvalir strandað við landið í um 10 þúsund ár áður en landið var nýtt af fólki. Fjöldi hvala í höfunum var umtalsvert meiri þá en síðar varð þegar veiðar urðu iðnvæddar um 1200 (einmitt þegar helluholur lögðust af!). Því hafa hvalrekar í misjöfnu ástandi legið eins og hráviður við strendur landsins og slíka auðlind lét fólk ekki fara fram hjá sér. Lýsisframleiðsla hefur örugglega verið stunduð á Íslandi frá upphafi vega.

Til er bæjarnafnið Hvalgrafir á Skarðsströnd og svo örnefnið Hvalgarður á Skaga nyrðri í A-Húnavatnssýslu. Báðir staðirnir eru við sjávarsíðuna. Í Guðmundar sögu dýra segir frá deilum Teits Guðmundssonar. Guðmundur sætti deiluaðila og þar segir: „*Síðan leysti Ísleifr þá alla af hendi ok gekk í hvalgráfr Eyjólfss ok reiddi hverjum þeirra þrjár vættir, ok fóru þeir vit þat í brott.*“ (Sturlunga saga I. 1948:270).

Í Þorgils sögu skarða er sagt frá aðdraganda að drápi Þorgils heima á bæ hans í Hrafnagili í Eyjafirði. „*En er þeir Þorvarðr ok Þorgils höfðu skilit, reið Þorvarðr út með firði. En er þeir kómu í gróf eina út í Skjaldarvík, stigu þeir af baki. Tók Þorvarðr þá til orða: „Hér kemr at því, sem mælt er, at hvert ker kann að verða svá fullt, at yfir gangi, ...“*“ (Sturlunga saga III:354).

Öll þessi atriði, örnefni, frásagnir og holan í Stöð, gætu verið vísbendingar um lýsisgerðarholur eða hvalgrafir. (Bjarni F. Einarsson 2020).

Mannvirki E1, soðhola

Holan er nær hringlaga, 0,77 x 0,84 m í þvermál og dýpt hennar reyndist 0,26 m. Mannvistarlagið í holunni var mjög einsleitt, en það var viðarkolasalli sem var feitur viðkomu. Neðst á botni holunnar voru viðarkolamolarnir mun stærri en annarsstaðar í holunni og mætti kalla þá lurka. Efst í holunni, ofan á viðarkolasallanum voru soðsteinar, um 17 L (sjá mynd 8).

Þau fjögur sýni sem tekin voru í mannvirkinu (fyrir utan eDNA sýnin) voru öll viðarkolasýni. Eitt þeirra var sent í C-14 greiningu til Globe institut í Kaupmannahöfn. Hugsanlega tilheyrir mannvirki E1 yngri skálanum þar sem fyllingin í holunni var eins og efri hluti mannvistarlagsins.

Mannvirki E2, lýsishola?


Holan 1,6 m breið og 2,36 m löng. Fylling holunnar á yfirborði voru brennd bein og viðarkol. Út frá holunni til suðurs gæti verið rás. Holan var ekki rannsökuð frekar að þessu sinni og engin sýni voru tekin að svo stöddu. Fyllingin í holunni



Mynd 8. Mannvirki E1 við rannsókn. Sjá má kolasallan í holunni og soðsteinana, sem safnað var saman úr holunni og magn þeirra mælt í lítrum. Uppi t.v. grillir í mannvirki E2. (Stafr. myndir nr. 453. Horft mót SV. Ljós. BFE).



Mynd 9. Drónamynd af Húsi 3, eldri skála. Nær ekkert er eftir af ynri skálanum. Sjá nánar mynd 10. (Stafr. myndir nr. 472. Norður vísar upp. Ljós. BFE).



Mynd 10. Flatarteikning af Húsi 3, ekki endanleg. Myndin á líklega eftir að breytast. Ytri lína veggja að norðan og vestan er óræð, en hefur verið teiknuð með fyrri ljósmyndir að vopni. Eins er innri vegg lína við austurgöfl áætluð. Í austurhluta skálanum eru enn órannsakaðar holur og ekki liggur fyrir hvorum skálanum þær tilheyra og hafa því ekki verið teiknaðar enn. Rýmisskipan er áætluð að vissu leiti. Austast er steinaröð fylgt, en staðsetning miðað við dyr er góð. Miðlínan markast af því hvar setið við norðurvegginn og gólfslag endar til vesturs. Vestasta línan er minnst undirbyggð, en hún er sett niður þar sem mannvistarlag við hellulögnina endaði til vesturs. Vonandi skýrist þetta næsta sumar. Dumbrauðir steinar sýna hugsanlega veggjabrot úr eldri húsum áður en öllu var breytt í eitt hús.

líkist neðri hluta mannvistarlagsins á reitnum og gæti því tilheyrt eldri skálanum. Frekari rannsókn á holunni mun vonandi varpa skýrara ljósi á þetta.

Hús 3

Ytri mál hússins, eldri skálanum, eru 11,10 x 43,37 m sem gerir það að lengsta skála landsins fram að þessu. Rannsókn á húsinu er of skammt á veg komin til þess að hægt sé að lýsa innri skipan þess að öðru leiti en því að í vesturenda þess er smiðja og austur af henni er rými með áberandi

Gripaflokkur	Fjöldi
Glerhallur	7
Jaspis	5
Kléberg	6
Gjall	4
Járn	2
Brýni	2
Naglar	1
Bein	1
Myljari	1
Sléttari	1
Hnífar	1
Skífur	1
Aflsteinn	1
Lykill	1

Tafla 4. Gripaflokkar (öll brot) í smiðjunni í Húsi 3.

stórum steinum í gólfinu. Liggja þessir steinar aðeins neðar en gólfið og gæti því hafa verið grafið niður fyrir steinum. Við þessa steina fundust árið 2018 tvö hrábrýni, brýni sem litu út eins og þegar þau yfirgáfu námuna þar sem þau voru unnin. Við sjónræna greiningu kemur í ljós að brýni þessi hljóta að vera frá Mostad-

marka námunum skammt austur af Þrándheimi. Slík brýni hafa fjólubláan lit. Brýni frá Mostadmarka þóttu þau bestu á markaðnum á víkingaöld. Önnur brýni frá Stöð komu einnig frá öðrum stöðum eins og t.d. Eidsborg í Þelamörk, en þar voru nokkrar námur.

Í vesturhluta hússins liggja hellur á gólfinu í miðskipinu og þar eru einnig holur sem eftir á að rannsaka og staðfesta hvorum skálanum þær tilheyra.

Tvennar dyr eru á skálanum, annarsvegar aðaldyr austan megin við miðju skálans og hins vegar dyr á suðvesturhorni hans og inn í smiðjuna sem er vestasta rými skálans. Rétt austan megin við dyrnar inn í smiðjuna var loftrás út úr húsinu. Í henni mátti sjá einstaka viðarkolamola.


Inni í smiðjunni var ofn og sunnan við hann hrúga af mýrarrauða og brenndum steinum.

Ekki hafa fundist margir gripir í smiðjunni, en þaðan eru 29 fundanúmer skráð með samtals 34 brotum og af þeim er einn mun yngri gripur sem fannst í áfoki. Var það lykill. Ekki er við því að búast að fleiri gripir finnist í smiðjunni. Þeir gripaflokkar sem hafa fundist í smiðjunni fram að þessu eru í töflu 4. Mörg klébergsbrotanna eru af sama grip.

Gripunum í smiðjunni hefur verið lýst í fyrri skýrslum (m.a. aflsteinn, gjall, kléberg og malsteinn), en við hefur bæst einn gripur og annar þarfnast frekari skýringar, en það er stór náttúrulegur hnöttóttur steinn sem fannst í haftinu á milli reita B og C árið 2018 (sjá mynd 18). Hann hefur sennilega verið í smiðjunni.




Mynd 11. Brýnin tvö úr Húsi 3, eldri skálanum. Líklega frá Mostadmarka. Þau fundust suðvestan við hellulögnina ofan við X100 Y 190. (Ljós. BFE).



Mynd 12. Perla sem fannst í reit D. (Fnr. 2022-121. Ljós. BFE).



Mynd 13. Glær perla úr bergkristal, svokölluð melónuperla. Fannst um miðbik Húss 3, eldri skála. (Fnr. 2022-111. Ljós. BFE).



Mynd 14. Aflöng glerperla sem fannst um miðbik Húss 3, eldri skála. (Fnr. 2022-110. Ljós. BFE).

Gripur	Stöð (8,5 x 31,4 m)	Hofstaðir (9,5 x 38,4 m)	Hrisbrú (9,1 x 29,2 m)	Granastaðir (7,9 x 16,8)	Hólmur (5,68 x 17,84 m?)	Reykjavík
Snældusnúðar	35	11	6	15	4 + 2	4 + 23 + 4(+2?) + 12 = 43 (+2?)
Kljásteinar	13	16	12	3	27 + 17	5 + 12 + 1 + 25 = 43
Silfur	33	3	3	0	0 + 2	1? + 0 + 1 + 2 = 4
Blý	20	3	2	0	0 + 1	1 + 2 + 1 (+1?) + 2 = 6 (+1?)
Gull	1	0	0	0	0	0 + 0 + 0 + 0 = 0
Met	7	1	1	0	0 + 2	1 + 1 + 0 + 2 = 4
Perlur	180	28	34	6	2 + 13	3 + 11 + 8 (+5?) + 40 = 62 (+5?)
Brýni	130	33 (16 frá víkingaöld)	20	4 (+3)	19 + 3	7 + 41 + 34 + 18 = 100
Kléberg	37	7	4	0	16 + 17	2 + 52 + 3 + 28 = 85
Skífur	109	0	0	0	6 + 1	0 + 4 + 0 + 0 = 4

Tafla 5. Samanburður á fjölda fundanúmera nokkurra efnisflokka og gripa frá Stöð og fleiri víkingaladar skálum á Íslandi. Í Hólmi eru gripirnir frá bæjarstæði (fyrri tala) og blótstað (seinni tala) og í Reykjavík er fyrsta talan frá Nordahl 1988, önnur frá Roberts (ed.) 2001, sú þriðja frá Völu Garðarsdóttur 2013 (frá tímabilinu 870–1200) og sú fjórða frá Lísabet Guðmundsdóttir (Byggingarstig I, um 9.–12. öld. Fundaskrá dags: 9.12. 2021). Í fundaskrá eru perlurnar taldar 28, en 12 fundust í ýmsum sýnum við úrvinnslu). Upplýsingar eru um að fjöldi perlna úr Lækjargötu sé í raun 40 en ekki 28. Frá Hólmi sýnir fyrri talan gripa á bæjarstæði og sú seinni gripa frá blótstað. Frá Reykjavík eru gripir í sviga sem ekki var hægt að tímasetja). Í skýrslu VI voru aðeins gripir úr skálinum taldir með, en hér eru allir gripir frá Stöð taldir með eins og á hinum stöðunum. Einn grip úr Aðalstræti 12 vantar hér, en það var lóð úr klébergi.

Tegund	Hús 2	Hús 3	Annarsstaðar	Samtals
Perlur	160	12	14	186
Mynt	9	1		10
Silfurhringir	4	0	0	4
Skífur	75	7	27	109
Hnífar	18	8	2	28
Spjót/skutull	2	0	0	2
Steinar með gati	11	0	1	12
Unnir Steinar	10	1	0	11
Myljarar	0	2	0	2
Skreyttir steinar	7	0	1	8
Met (blý)	6	0	1	7
Snældusnúðar	31	0	4	35
Brýni	87	16	30	133
Kljásteinar	11	0	2	13
Sauðaklippur	1	0	0	1
Aflsteinn		1		1
Töflur	6			6
Hóffjaðrir?	5	0	0	5

Tafla 6 yfir valda gripa í einstökum húsum í Stöð. Þegar brot passa saman eru þau talin sem einn gripur. Breytingar hafa orðið frá fyrri skýrslum þar sem gripir hafa verið færðir úr Húsi 2/3 í Hús 2 þegar ekki er hægt að ákvarða hvoru húsinu þær tilheyrja. Þetta kann að breytast aftur síðar meir. Ákveðin óvissa er með greiningar á fáeinum gripum og efnisflokkum. Undir *Unnir steinar* eru tvær hugsanlega töflur og þá verða töflurnar sex. Tvær perlur gætu verið tvíreiknaðar og gripir sem fundust í veggjum húsa eru hér talin með þeim, en það er ekki gert í töflu 1 hér á undan.

Slíkir steinar eru oft kallaðir sléttarar (eng. *smothers*) til að slétta vefnað á saumum. Einnig hefur verið stungið upp á því að steinarnir hafi verið notaðir til að slétta járn í vinnslu. (Resi 2011:392). Eina skífan sem fundist hefur í smiðjunni fannst síðastliðið sumar.

Fram að þessu hafa samtals fundist 21 brot úr brýnum, 12 perlur, sjö skífur, jaspisar og glerhallar o. fl. gripir, en ekki er ástæða til að tilgreina gripaflórana nú þar sem húsið er langt frá því að vera fullrannsakað. Athyglisverðast er að engin tóvinnuáhöld hafa fundist enn í húsinu.

Húsi 3 hefur vafalaust verið skift niður í einstök rými með timburpiljum. Á mynd er hugmynd að slíkri skiftingu, en hún kann að breytast þegar rannsóknir á húsinu eru lengra komnar. Nær örugglega hefur þil verið þvert á húsið vestan megin við aðaldyrnar eins og í mörgum skálum á Íslandi. Á milli smiðju og næsta rýmis til austurs hefur líklega einnig verið þil og á milli stóru hellanna og aðaldyranna hefur líklega einnig verið rými. Frekari lýsingar á þessum rýmum bíður næstu skýrslu, eða þegar rannsóknir á húsinu eru yfirstaðnar.

Á myndum 9 og 10 má sjá steinaraðir inni í veggjum hússins og vekja þeir upp ýmsar spurningar. Nokkur atriði benda til þess að þær kunni að vera restar eftir eldri hús. Því til stuðnings er að undir vegg skálans að vestan fundust mannvistarlagsslettur. Þær hafa ekki fundist (enn!) að austanverðu). Það bendir óneytanlega til þess að einhverjar athafnir fólks höfðu átt sér stað á staðnum áður en þessi hluti var byggður. Einnig gætu gripir sem fundist hafa í veggjunum bent til þessa, en þeir finnast enn sem komið er aðeins í vesturhlutanum.

Í Húsi 3 voru tekin 60 eDNA sýni víðsvegar um skálann.

Gripir

Samtals hafa nú 2094 fundanúmer verið skráð yfir gripi frá Stöð og þar af eru 1.556 númer úr yngri skálanum sem nú telst fullrannsakaður. Þetta sumar voru 165 fundanúmer skráð og þar af 68 í skálanum tveim. Í töflu 1 eru lokatölur gripa sýndar úr Húsi 2, en breytingin hefur engin áhrif á fyrri túlkun skálans í skýrslu VI.

Þó rannsókn á Húsi 3 sé skammt á veg kominn hafa þó fundist nokkrir gripir í því. Athyglisverðast er hvaða gripir finnast ekki, en það hafa engir snældusnúðar né kljasteinar fundist enn. Mest ber á brýnum, perlum, hnífum og skífum. Þó jaspisar, glerhallar og tinnubrot séu ekki talinn upp í töflunni þá hafa þeir fundist í Húsi 3 og eru áberandi. Að minnsta kosti 60 jaspisbrot hafa fundist í húsinu undir 47 númerum og flestir rauðir, en líka grænir, gulir, brúnir, gráir eða grásvartir og marglitir. Fimm tinnubrot hafa



Mynd 15. Heinbrýni sem fannst í smiðjunni. Sjónrænt séð virðist þetta vera brýni frá Mostadmarka. (Fnr. 2016-27. Ljós. BFE).



Mynd 16. Brýni úr yngri skálanum, Húsi 2, sem gæti verið frá Eidsborg. (Fnr. 2017-42. Ljós. BFE).

fundist fram að þessu í Húsi 3 (a.m.k. 47 tinnubrot í Húsi 2). 29 fundanúmer yfir glerhall hafa fundist í Húsi 3 og eru a.m.k. 33 brot.

Í báðum skálanum hafa því fundist skífur, jaspisar, glerhallur og tinnur. Allt gripir sem tengja má við skurð og svo bætast við hnífar og brýni. Í skýrslu VI frá 2021 kom fram að DNA úr smáhvölum fundust bæði í yngri og eldri fasa búsetunnar í Stöð og það leiðir hugann að þeim möguleika að fólkið í báðum fösum hafi sýslað með hvalaafurðir auk annarra sýslna.

Fimm skífur, af 15, sem fundust síðastliðið sumar voru sendar í greiningu til Globe institut í Kaupmannahöfn til greininga. Þess verður freistað að finna ummerki um lýsi á skífunum (DNA eða fitusýrur).

Brýni eru mjög algengur fundaflokkur á verslunarstöðum, býlum og kumlum á víkingaöld. Þau voru nauðsynleg til að skerpa á járnáhöldum svo sem hnífum, skærum, nálum, ljáum, sigðum, sögum o.s.frv. Án brýna voru skerandi verkfæri úr járnri nær gagnlaus. Útflutningur á brýnum frá Noregi hefst a.m.k. á áttundu öld og fór svo vaxandi og brýni voru ein af mörgum mikilvægum útflutningsvörum frá Noregi allt fram á miðaldir og jafnvel lengur. Brýni frá Eidsborg voru útflutningsvara frá Noregi fram á 20. öld.

Svo virðist sem brýni frá Mostadmarka í Þrændalögum fari að dreifast fyrir alvöru um N-Evrópu upp úr 700

og skömmu síðar og stuttu síðar á 8. öld fóru brýni frá Eidsborg í Þelamörk að taka yfir. (Baug o.fl. 2020:52-53. visittелеmark.no/). Því hefur verið varpað fram sem tilgátu að munurinn á brýnum frá Mostadmarka og Eidsborg hafi falist í því að síðarnefndu brýnin hafi verið betri til að rífa upp járneð (grófbrýningar) á meðan brýni frá Mostadmarka voru betri til fínslípunar, enda voru Mostadmarka brýnnin fínkornaðri. Með því að nota fyrst brýni frá Eidsborg og svo frá Mostadmarka fengust mun beittari verkfæri (sama 2020:55). Brýni frá öðrum námum í Noregi koma auðvitað til greina, en námur voru margar á hinu svokallaða Caledonian belti sem liggur frá Rogalandi upp til Finnörku í Noregi.

Samtals eru nú 131 fundanúmer með brýnum í Stöð. Þau voru flest brotin og lítil. Stærstu brýnin voru nr. 2017-263 144 g, nr. 2019-302 159,9 g, nr. 2017-42 310 g, nr. 2019-303 485,2 g, nr. 2018-172 835 g og nr. 2018-171 985 g. Önnur brýni voru ekki yfir 100 g. Af þessum eru 88



Mynd 17. Stór steinn sem fannst í haftinu á milli reita B og C árið 2018 (Hús 3). Steinninn er 1,019 kg að þyngd. Slíkir hnöttóttir steinar finnast oft en um notkun þeirra eru margar tilgátur, enda gat hlutverk þeirra verið margvíslegt. Þeir gátu verið notaðir til að slétta vefnaði á saumunum, berja járn, í stað hamars, mylja korn, mýrarrauða, bein o.fl. og svo mátti kasta þeim í leik eða erjum (Fnr. 2018-181. Ljósmynd BFE).

fundanúmer úr yngri skálanum og 16 fundanúmer (22 brot) úr eldri skálanum eins og staðan er nú. Önnur brýni hafa fundist utan við skálana.

Í fáeinum tilfellum hafa flök fundist í N-Evrópu sem hafa haft hrá-brýni um borð til útflutnings frá Noregi og í öðrum tilfellum hafa einungist fjöldi brýna án flaka fundist á hafsbotni (Nymoer 2007:152). Sum skipanna eru nálægt Skien í Óslóarfirðinum, en Skien á tilvist sína að þakka útflutningi á brýnum frá Eidsborg námunni skammt hjá. (Nymoer 2011). Eitt þessara flaka var Bøle-skipið sem sökk um 1380 á leið sinni frá námusvæðinu í Eidsborg að Skien. Mikið magn af brýnum var um borð (brýnin voru bæði ballest og hráefni). Lengd brýnanna var á bilinu 28 sm – 57,2 sm (meðaltal 47,2 sm. Nymoer 2011:92). Annað yngra skip fannst við hólmann Toveholmen í mynni Óslóarfjarðar og þar var lengd brýnanna á bilinu 33,8 – 82,2 sm og voru þau talin vera frá Eidsborg (meðaltal 50,6 sm. Nymoer 2007:137). Brýnin tvö frá Stöð falla vel inn í þessar tölur frá Óslóarfirðinum þó þau séu ekki frá Eidvoll.

Um 980 strandaði skip í höfninni í Tönsberg (skammt frá Skien) og í því fundust um 50 hrábrýni frá Eidsborg, en upplýsingar um stærðir þeirra liggja ekki fyrir.

Þessir fundir á hafsbotni benda til þess að fullbúin brýni voru ekki flutt út, heldur voru þau fullunnin á áfangastað þar sem sérfræðingar framleiddu tilbúin brýni. Þaðan gátu þau svo haldið áfram í gegnum verslun á annan stað fullbúin.

Þessi fjöldi brýna í Stöð er gríðarlega mikill á íslenskan mælikvarða (sjá töflu 5). Á höfðingjabýlinu Borg á Lofoten í Noregi fundust samtals 192 brýni og í langflestum tilfellum í brotum. Yfirgnæfandi meirihluta brýnanna frá Borg var dökkt flöguberg (Mostadmarka?) og aðeins fimm voru úr ljósu flögubergi (Eidsborg?). (Johansen (b) o.fl. 2003:149). Borg var mun lengur í ábúð en Stöð. Nákvæm flokkun á brýnum frá Stöð hefur ekki verið gerð, en þau eru bæði úr ljósu og dökku flögubergi.

Á síðustu árum hefur komið í ljós að mörg brýni reynast vera prófsteinar¹ (og brýni!) þegar þau eru rannsökuð í öreindasmásjá. Er líklegt að þúsundir brýna um alla Norður Evrópu séu í raun prófsteinar þó þeir geti verið bæði prófsteinar og brýni samtímis (Ježek 2013).

Á Íslandi voru 16 brýni úr íslenskum kumlum rannsökuð með tilliti til þess hvort þau kynnu að vera prófsteinar. Brýni hafa fundist í 29 kumlum á Íslandi (Eldjárn 2016:351) svo þetta var umtalsverður fjöldi brýna úr kumlum sem rannsökuð voru. Einnig voru brýni frá fjórum bæjarstæðum rannsökuð (Ježek o.fl. 2019). Af þessum reyndust 5 brýni vera prófsteinar og tveir þeirra frá bæjarstæðum, Hofstöðum í Mývatnssveit (2009) og öllu yngri og mun fátæklegri bæ, smábýlinu Skugga í Svarfaðardal (Harrison 2010). Að mati Ježek o.fl. eru tæplega 30 brýni frá Hofstöðum góðir kandidatar til að vera prófsteinar og tæplega 20 frá Hrisbrú í Mosfellsdal

¹ Probersten á sænsku, touchstone á ensku. Prófsteynar voru notaðir til að kanna gæði málma eins og gulls, silfurs, kopars, nikkels og blýs. Þessar prófanir áttu sér stað bæði við verslun og þegar verið var að blanda málum saman í málmsteypur.

(Ježek o.fl. 2019:3432–3433). Þessar tölur gefa góð fyrirheit um að í Stöð leynist prófsteinar á meðal brýnanna. Finnist prófsteinar í Stöð bendir það sterklega til þess að góðmálmar² hafi komið til Stöðvar eftir að fólk hafði þar við, því góðmálmar sem teknir voru með í ferðalagið höfðu vafalaust verið prófaðir áður. Af því leiðir að fólkið í Stöð hafi stundað verslun, líklega erlendis þó innlend verslun hafi einnig verið stunduð, en líklega minna með góðmálma. Dreifing prófsteina á 9. – 12. öld í Evrópu er líklega eins og dreifing silfursjóða með arabískum mintum (dirhema), gangsilfri og skálavoga. Dreifingasvæði þetta er stundum kallað *Gewichtsgeldwirtschaft* svæðið þar sem verslun var fyrst og fremst stundum með gangsilfri sem verðeiningu, ekki eiginlegum gjaldmiðli. (Ježek 2013:726).

Prófsteinar er þekktir um alla Evrópu þegar í byrjun bronsaldar [1500 f. Kr.] í ríki gröfum tilheyrandi yfirstéttinni og svo alla járnöldina [500 f. Kr.–1050 e.Kr.] (sama 2013:727).

Í Stöð vantar skálavogina, en metin eru til staðar. Skálavogar án meta eru gagnlitlar og met án skálavoga eru tilgangslaus nema sem blý-forði.

Sex brýni frá Stöð voru meira en 100 g að þyngd eins og áður getur og þau þyngstu voru brýnin tvö úr Húsi 3, eldri skálanum (sjá mynd 11). Fundust brýnin nálægt hvort öðru við stóru hellurnar í næst vestasta hluta skálans. Annað var 835 g að þyngd og 39 sm langt og hitt 985 g að þyngd og 41 sm langt. Hin fjögur brýnin fundust í Húsi 2, yngri skálanum. Bæði stóru brýnin úr eldri skálanum voru óunnin og ætluð til frekari vinnslu í smærri einingar við tækifæri, en flest brýni frá víkingaöld, ef ekki öll, hér á landi eru fullbúin brýni sem hafa svo brotnað þegar þau eyddust upp við mikla notkun. Aðeins þrjú hrá-brýni þekkir höfundur frá Íslandi. Það eru fjögur brýni frá Þverárdal í Húnavatssýslu, það lengsta 70 sm langt og svo eitt brýni frá Skallakoti í Þjórsárdal, 49 sm langt. (Kristján Eldjárn 2016:352). Gallinn við Þverárdalsbrýnin er að ekki er unnt að aldursgreina þau með neinni vissu. Sagt er í gagnagrunni Þjóðminjasafns Íslands að þau séu lítið sem ekkert brýnd (Sarpur. Nr. 5035/1903-15). Myndir af tveimur brýnanna í Sarpi sýna að þau eru notuð, þó ekki séu þau mikið notuð. Skallakot er frá 10.–11. öld (Magnús Á. Sigurgeirsson 2001) og því nokkuð yngra en Stöð.

Hrábrýnin úr eldri skálanum í Stöð gæti verið sterk vísbending um hve mikilvæg brýnin voru fólki sem kom í



Mynd 18. Gullhúðuð perla sem fannst vestan við dynnar í Húsi 3, eldri skála. (Fnr. 2022-81. Ljósm. BFE).

² Með hugtakinu góðmálmar er hér átt við alla aðra málma en járn.

Stöð. Að verða uppiskroppa með brýni í útstöð þar sem flest gekk út á að skera sjávarspenddýr til að vinna lýsi var nokkuð sem ekki mátti gerast. Sjá nánar um brýni í næsta kafla og fylgiriti 1.

Sumarið 2020 fundust rúmlega 40 brot af jaspis og glerhalli í og við langeldinn í Húsi 2. Var þeim safnað saman undir eitt fundanúmer. (Fnr. 2020-272). Við nánari greiningu 2022 kom í ljós að einn molinn gæti verið asbest sem er mjúk bergtegund. Asbest var notað í leirtau til styrkingar í norðanverðri Skandinavíu þegar á steinöld og allar götur til 5. aldar e.Kr. Lengst voru það Samar sem notuðu efnið í sitt leirtau, en þó ekki mikið lengur en inn á 5. öldina e.Kr. Þess má geta að leirtau með asbesti fannst á Borg á Loftoen. (Holand 2003:203). Molan verður að kanna nánar.

Samtals hafa nú 37 fundanúmer verið skráð í Stöð sem eru úr klébergi. eru þetta samtals 55 brot. Á íslenskan víkingaaldar mælikvarða er þetta mikið, en aðeins Reykjavík hefur fleiri gripi úr klébergi. Þá eru margir staðir reiknaðir inn í þá tölu (Suðurgata 3–5, Aðalstræti 16, Alþingisreiturinn, Aðalstræti 14 og Lækjargata 4). Hlutfallslega kemur Hólmur í Nesjum í þriðja sæti á eftir Aðalstræti 14 í tíðni klébergsfunda. Hvort það kunnir að vera austfirskt sérkenni verður ekkert sagt með vissu enn sem komið er. Af þessum fundanúmerum eru 27 úr yngri skálanum og sex úr þeim eldri.

Keröld úr klébergi tóku yfir keröldum úr leirtau í Noregi um krist burð. En notkun á klébergi í ýmsa gipi hófst þegar á mið-steinöld á Norðurlöndum, en framleiðsla á keröldum úr klébergi hófst á síðari hluta bronsaldar um 700–900 BC. (Wickler o.fl. 2017:43). Klébergis er svo ráðandi á eyjum Atlantshafsins fram á miðaldir. Þetta á við Hjaltlandseyjar, Færeyjar, Ísland og Grænland. (Forster o. fl. 2017).



Mynd 19. Gripur úr klébergi sem fannst í rými 3 í Húsi 2, yngri skála. Gatið er borað og hann er brotinn. Hugsanlega skorinn úr stærra stykki. Um 2 sm langur og 2,9 g að þyngd. (Fnr. 2018-17-125. Ljós. BFE).



Mynd 20. Diskur eða platti úr klébergi sem fannst í rými 5 í yngri skála. Gatið er borað og allar hliðar slípaðar. Stærð hans hefur ekki verið mæld, en hann er 45,7 g að þyngd. (Fnr. 2019-37-96. Ljós. BFE).



Mynd 21. Líklega brot úr stórrí grýtu sem endurnýta átti. Fannst í langeldi yngri skála. Skorið hefur verið í gripinn á tveimur stöðum og búta hann niður í þrjá mola (Fnr. 2020-13-196. Ljós. BFE).

Á Íslandi er aðeins eitt leirtausbrot (í tveimur hlutum) þekkt frá víkingaöld, en það fannst í Vogu á Reykjanesi og var baltískrar gerðar. Þar fundust aðeins þrjú brot úr klébergi, tvö úr grýtu og einn snældusnúður og var það eini snúðurinn frá Vogu (Bjarni F. Einarsson 2011).³

Klébergsgripirnir frá Stöð eru úr grýtum, snældusnúðum (11 stykki eða rétt rúmlega 30,5% allra snældusnúða), ein perla og ógreinanleg brot. Einnig eru tveir kallaðir diskar. Annar fannst í sex brotum úr miðjum yngri skálanum (rými 3) og um hann er fjallað í skýrslu 2017 (2017:20). (Fnr. 2017-09-128) og hinn fannst í austasta rými yngri skálans (rými 5). Hann er með boruðu gati og gæti allt eins verið kallaður platti (mynd 20).

Á víkingaaldar verslunarstaðnum Kaupangi í Óslóarfirði voru um 28% allra snældusnúða úr klébergi, afgangurinn úr öðrum efnum. (Baug 2011:323). Frá tímabilinu 800–900 (áður og í byrjun þess að klébergsnám fór að verða umtalsvert til útflutnings) voru þó aðeins sex snældusnúðar sem fundust, en 121 snældusnúðar fundust samanlagt á staðnum. (Øye 2011:343). Þessi háa prósentu snældusnúða úr klébergi frá Stöð má túlka sem teikn um háa samfélagslega stöðu eða ríkidæmi. Allir klébergssnúðarnir frá Stöð virðast vera af týpu A sem var algengasta týpan í Noregi eins og á Íslandi. Nákvæm greining á snúðunum er skammt á veg komin.

Á Borg á Lofoten í N-Noregi fundust 140 gripir úr klébergi sem voru eldri en 1000 AD. (Borg I og II. Wickler o.fl. 2017:45. Johansen (b) o. fl. 2003). Af þessum voru 31 snældusnúðar frá sama tíma (Johansen (b) 2003:143). Þess má geta að Borg var mun lengur í notkun en Stöð, eða frá fimmtu öld AD. Samtals hafa fundist 535 snældusnúðar úr klébergi í N-Noregi (frá Helgeland og norður úr). (Wickler o.fl. 2017:46).

Á víkingaöld voru þrjár tegundir grýta, skálalaga, með handfangi og kúlulaga með sveigðum munn. (Rygh 1885, Myndir 728–730. Baug 2011:314. Ensk. *bowled-shaped vessels*, *trough-shaped vessels* og *vessels with a handle*). Allt bendir til þess að tvær þær fyrstnefndu kunni að hafa fundist í Stöð.

Klébergsgrýtur henta einkar vel til matargerðar og geymslu drykkja. Tilraunir sýna að þær þola hita mjög vel, suðan er fljót að koma upp og þær halda hitanum lengi eftir að þær eru fjarlægðar frá eldinum. Eins halda þeir köldu lengi. (Baug 2011:313). Grýturnar mátti setja beint í eldinn, eða hengja þær upp fyrir ofan eldinn.

Oft voru brotnir klébergshlutir endurnýttir í eitthvað annað og minna



SARPUR
Þjóðminjasafn Íslands

Mynd 22. Selsmagi frá Litla-Hofi í Öræfum með trétappa sem notaður var undir lýsi. Þjms 15810/1957-73

³ Í nýlegri umfjöllun um kléberg á Norðurlöndum er því haldið fram að kléberg sé afar (ensk. *extremely*) sjaldgæft á Íslandi fyrir utan Viðey (Forster 2017:233). Í Viðey fundust 17 klébergsbrot frá upphafi klausturhalds 1225/1226 þar fram á nútíma.

eins og töflur, snældusnúða, kljásteyna, mót, sökkur o.fl. Eitt hugsanlegt dæmi um slíkt (auk griparins á mynd 19) gæti verið aflangur gripur sem líklega er úr stórri grýtu. Í hann er tálgað eins og skipta hefði átt gripnum í þrennt (mynd 21).

Klébergsnámur er víða að finna í Noregi allt frá syðsta hluta landsins upp til þess nyrsta. Eru klébergsnám-urnar einkum á sama beltum og brýnisnámurnar eða á Caledonian beltinu sem liggur frá Rogalandi upp til Finnmarku í Noregi (Hansen o. fl. 2017:15). Klébergsnámur er einnig að finna í Svíþjóð, einkum á vesturströndinni og á bresku eyjunum (einkum Hjaltlandi). Á Grænlandi er einnig kléberg að finna og sömuleiðis á Nýfundnalandi (Vínlandi), en þær námur komu síðar við sögu.

Um 70 km norðaustur frá Þrándheimi og því ekki mjög langt frá brýnisnámunni Mostadmarka í Þrándalögum, er klébergsnáma sem heytir Slipsteinsberget (nafnið segir að þar hafi brýnisefni einnig verið brotið) sem var nýtt frá 6. öld og fram á nútíma (Gustav 2002). Hún var einkum notuð á seinni hluta víkingaaldar (Hansen o. fl. 2017:17) þegar klébergsnám er orðið mjög umfangsmikið í Noregi til útflutnings. En fyrir þann tíma var klébergsnám einkum til heimabruks eða fyrir nærumhverfið en þróaðist fljótlega í meiriháttar klébergsnám í byrjun víkingaaldar. (Baug 2011:311, 332).

Í Noregi eru rúmlega 200 klébergsnámur skráðar og í helming þeirra voru keröld klöppuð úr þeim. (Baug 2011:329). Mjög erfitt hefur reynst að finna upprunalega námu einstakra klébergsgripa, en þó hefur það verið reynt með óvissum árangri. Keröld úr klébergi sem finnast í kumlum, bæjarstæðum og verslunarstöðum eru býsna einsleit hvað form varðar og bendir það til þess að þau hafi verið fjöldaframleidd og að markaðurinn hafi einkum verið Norðurlönd. (sama 2011:335).

Svo virðist vera að skreytt keröld úr klébergi sé einkum að finna í austur Noregi og suðvestur Svíþjóð (og svo Grænlandi síðar). Keröld með marghliða yfirborði (ensk. *faceted surfaces*) er næstum aðeins að finna í suður Noregi. (sama 2011:330). Ekkert skreytt eða marghliða kerald úr klébergi er staðfest í Stöð. Af framansögðu er ljóst að kléberg var algengt efni í Stöð á norskan mælikvarða og áhugaverður möguleiki að klébergið í Stöð hafi komið frá Slipsteinsnámunni eða nærliggjandi námum.

Í fyrri skýrslum hefur verið fjallað um skífur, þeim líst og tilgáta um hlutverk þeirra kynnt í skýrslu IV um rannsóknirnar (Bjarni F. Einarsson 2018:16). Skífurnar eru nú orðnar 109 talsins og slíkur fjöldi á einu bæjarstæði á sér ekki hliðstæðu, hvorki hér á landi né erlendis. Sú skýring að um spilatöflur sé að ræða getur varla staðist, fjöldinn í Stöð er of mikill. Fjölbreytni í steintegund, stærð og lit bendir alls ekki heldur til þess að um spilatöflur sé að ræða. Þessi fjöldi bendir til þess að skífurnar hafi skift miklu máli fyrir fólkið í Stöð og sú staðreynd að þær finnast einkum í austasta rými yngri skálans, sem túlkað hefur verið sem skemma, styður þá hugmynd að skífurnar tengist einhverri framleiðslu og sú framleiðsla hafi verið geymd í skemmuni. Eins að framan greinir voru fimm skífur sendar

til Globe institut í Kaupmannahöfn í greiningu. Reynt verður að leysa út fitusýrur og DNA. Sé um tappa á skinnpoka fyrir lýsi að ræða ættu bæði fitusýrur og DNA að greinast náist það út úr skífunum. Fitusýrur eru mjög rokgjarnar og því er ekki víst að þær séu enn til staðar, en DNA ætti að vera það.

Lengi tíðkaðist á Íslandi að geyma lýsi í selsmögum, en einnig í lúðumögum, skötumögum og mögum úr fleiri fisktegundum. Var þá hálfvélindað haft með selsmaganum og í enda þess var settur trétappi og bundið um þar. Á trétappanum var stundum haft gat fyrir pinna svo hella mætti úr maganum eftir þörfum. (Lúðvík Kristjánsson 1981:430 og 1987 III:295–96). Skífur frá Noregi, sem höfundur telur að hafi verið notaðar á sama hátt og skífurnar frá Stöð eru sumar með gati sem gat hafa þjónað sama tilgangi. Gatið þarf alls ekki að vera á miðri skífunni.

Munurinn á því að setja trétappa ofan í opið og hnýta fyrir eins og sést á mynd 22 og að bynda fyrir neðan við opið, setja skífu ofan í og binda svo aftur fyrir ofan við skífuna er mikill. Seinni aðferðin er mun traustari og slíkur umbúnaður kemur í veg fyrir að tappinn geti skotist úr gatinu ef til dæmis þrýstingur er settur á pokann. Það er ekki umbúnaður tappans sem er veiki hlekkurinn, heldur skinnpokinn sjálfur. Frekari hugleiðingar um þetta eru í síðasta kafla skýrslunnar.

Jaspisar, glerhallar og brýni

Vegna Covit vandræða var ekki hægt að greina jaspisa og glerhalla frá rannsóknunum 2020–21. En nú hafa allir molar úr þessum efnunum verið greindir af Kalle Thorsberg, ásláttusérfræðingi. Tæplega 1000 brot hafa nú verið greind. eru þetta 327 fundanúmer yfir glerhall (stundum mörg brot undir sama númeri) og 424 fundanúmer yfir jaspisa (einnig mörg brot undir sama númeri á stundum). Að auki eru 58 fundanúmer yfir tinnu (mörg brot í sumum) og fjögur brot af ópal greind. Sömuleiðis hafa allar skífur og vel flest brýni verið skoðuð til að staðfesta áslátt (sjá fylgirit 1 og umræðuna þar). Ein helsta niðurstaðan hvað brýni varðar er að í menginu eru dæmi um öll þau ferli sem geta falist í brýnum fyrir utan námuvinnsluna sjálfa, þ.e.a.s. allt frá innflutningi að eyðingu og allt þar á milli (m.a. frumvinnsla, endurvinnsla og lagfæringar). Tvö brýni, fyrir utan þau tvö í eldri skálanum vekja sérstaka athygli, en það eru brýni sem fannst í yngri skálanum (F.nr. 2020-66) og brýni sem fannst í reit D (F.nr. 2020-146). Þau eru í fyrsta lagi brot af stórum brýnum, í örðu lagi úr öðru flögubergi en önnur brýni og í þriðja lagi með örðuvísi slitspor og vinnsluspor en önnur brýni. Þau hafa verið notað af meira afli en önnur brýni og greinilega verið notuð til að slípa stærri verkfæri en önnur brýni. Allt bendir til þess að brýni hafi verið notuð meira utanhúss en innan.

Greiningin á jaspisum og glerhalli (og fleiri steintegundum) er á pari við fyrri greiningar. Nú bætist við efniviður úr Reit D. Grænn jaspis er greinilega sleginn í ríkara mæli innanhúss en utan. Um harða steina og brýni segir í fylgiritinu: „*Sammanfattningsvis kan den nya ytan sägas*

avvika frá hallen þá flera ólíka vís. Hér har skett störru bearbetning av skiffer og bipólur sönderdelning en í hallen. Möjligu mindru anvandning av kalcedon. Aktiviteterna har dessutom avsatt en mindru andel av primáravfall, detta är särskilt tydligt vad gäller den gröna jaspisen. Eftersom dessa avvikelser helt klart innehåller saker som går att förstå i termer av funktionell variation finns inget primärt stöd för förklaringar av kronologisk natur till skillnaderna i stenmaterialet.“ Um skífur segir í fylgiritinu: „...så tycks det som om skivor förekommer i för hög och noduler för låg andel på den nya ytan jämfört med i hallen.“ Hugsanlega er þetta vísbending um að skífurnar séu framleiddar nálægt Reit D.

Grundvallarspurning varðandi hina hörðu steina (japsisa og glerhalla) er hvort tæknin sem þarf til að slá þá sé etnískt bundin eða svæðabundin á Norðurlöndum, eða hvort tæknin hafi verið algengari en áður hefur verið talið um öll Norðurlöndin. Í stað japsisa og glerhalls var tinna notuð í sama tilgangi og steinarnir á Íslandi.

Sýni og greiningar

